



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 6. júní 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi (ýmsar breytingar), 564. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 29. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna telur breytingartillögu 2. gr. frumvarpsins mikilvæga þar sem barnaverndaryfirvöldum hefur verið bætt við þær stofnanir sem hafa heimild til að miðla á milli sín viðkvæmum persónuupplýsingum. Umboðsmaður telur það vera í samræmi við bestu hagsmuni barnsins að heimildir stjórnvalda til vinnslu persónuupplýsinga og samkeyrslu séu útvíkkaðar þannig að unnt sé að fá raunhæfa mynd af aðstæðum viðkomandi barns. Nú er komin ákveðin reynsla á beitingu nágildandi útlendingalaga og hafa þó nokkrir aðilar vakið athygli umboðsmanns á því að heimild til að miðla persónuupplýsingum á milli barnaverndaryfirvalda og þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. útlendingalaga væri til mikilla hagsbóta þar sem barnaverndarnefndir búa iðulega yfir upplýsingum um hagi barns sem geta skipt sköpum varðandi ákvörðun Útlendingastofnunar um veitingu dvalarleyfis og alþjóðlegrar verndar eða við framkvæmd flutnings úr landi.

Að lokum vill umboðsmaður taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Barnaverndarstofu, að um er að ræða undantekningu frá meginreglu barnaverndarlaga um trúnað og því mikilvægt að farið verði yfir með hvaða hætti beiðni um upplýsingar þurfi að vera til þess að hægt sé að bregðast við henni og hvers eðlis umræddar upplýsingar þurfi að vera.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,
umboðsmaður barna